

BORGARRÁÐ 21. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sinfóníuhljómsveit Íslands – MSS23090124

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig Reykjavíkurborg hyggst bregðast við niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar kemur að kvörtunum um einelti og ofbeldi svo og ferli um viðbrögð við einelti og ofbeldi. Það þarf að endurmeta og skýra hlutverk meðal annars og spyr fulltrúi Flokks fólksins hvort Reykjavíkurborg muni taka þátt í þeirri vinnu? Reykjavíkurborg er ein af rekstraraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, með 18% hlut. Stjórn og framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands óskuðu í byrjun þessa árs eftir að Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluúttekt á hljómsveitinni. Meðal niðurstaðna er að í hljómsveitinni hefur starfsfólk liðið ofbeldi og kynþáttafordóma. Upplifanir um vanvirðingu, fordóma kynferðisofbeldi og fleira af því tagi er lýst í skýrslunni.